

## Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Dýrfisk hf.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir Dýrfisk hf. á tímabilinu 8. nóvember 2012 til 3. janúar 2013. Tillagan lá á sama tíma frammi á skrifstofu Ísafjarðarbæjar. Eins og kemur fram í úrvinnslu athugasemda hér á eftir var sent dreifibréf til aðila í nágrenninu.

Athugasemdir sem bárust voru frá fimm aðilum

- a. Íbúasamtökin Átak höfðu samband við stofnunina á fyrstu vikum auglýsingar og vildu fá betri kynningu á tillögunni
  - Umhverfisstofnun hafði vegna mistaka ekki auglýst tillöguna í staðarblaði eins og venjulega er gert. Stofnunin tók hins vegar þá ákvörðun í framhaldinu að gera það ekki að þessu sinni
  - Að fenginni þessari athugasemd útbjó Umhverfisstofnun póst um starfsleyfisauglýsinguna til þeirra í póstnúmerum 470 og 471 sem taka við fjölpósti en það voru 130 aðilar. Var sú dreifing látin koma í stað auglýsingar í staðarblaði.
- b. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerði ekki athugasemdir við tillöguna en benti á breytingu á fyrri lista sem eftirlitið sendi yfir aðra rekstraraðila á svæðinu
  - Við fyrri rekstraraðila á svæðinu hefur bæst fyrirtækið Fjarðareldi ehf. Rétt þykir að senda nýjum aðila afrit af gögnum um ákvörðunina
- c. Skipulagsstofnun taldi framkvæmdina í samræmi við fyrirspurn um matsskyldu
  - Ekki er þörf á viðbrögðum við þessari athugasemd.
- d. Íslenska kalkþörungafélagið ehf. sendi inn athugasemd þar sem greint var frá því að ekki væri að mati félagsins að finna kalkþörungna á eldissvæðinu í neinum þeim mæli sem að kalkþörungafélagið hefði áhuga á.

- Ekki er þörf á viðbrögðum við þessari athugasemd gagnvart Íslenska kalkþörungafélaginu ehf.
  - Í e-lið er nánari umfjöllun um kalkþörunguna
- e. Orkustofnun sendi inn athugasemdir sem hafa þegar verið birtar á heimasíðu Orkustofnunar. Stofnunin benti á að hætta kynni að steðja að kalkþörungum/kóralþörungum og mögulegri nýtingu og/eða verndargildi. Þá kom fram að Umhverfisstofnun hefði haft rangt eftir í greinargerð með auglýstri tillögu að starfsleyfi varðandi athugasemdir Orkustofnunar. Nánar tiltekið var eftirfarandi texti ekki birtur í greinargerðinni:

*„Sem leyfisveitandi, skv. lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, gerir Orkustofnun tillögu um, að öll þrjú eldissvæði Dýrfisks hf. verði að öllu leyti staðsett á meira en 30 m sjávardýpi, þar til rannsóknaniðurstöður liggja fyrir, sem segja til um hvort kalkþörungaset og/eða lifandi kalkþörunguna er að finna í eða á sjávarbotninum í Dýrafirði, á minna en 30 m dýpi. Með framangreindri kröfu vonast Orkustofnun til, að kalkþörungaset og/eða lifandi kalkþörungar verði ekki fyrir hnjaski eða mengun frá fiskeldisstarfsemi, því að ef til nýtingar kemur síðar, þá er kalkþörungaset í vaxandi mæli selt til lífrænnar ræktunar, mikið selt sem bætiefni í fóður fyrir mjólkurkúr, og einnig má benda á að fyrirtækið Hafkalk á Bíldudal selur kalktöflur til manneldis“.*

Einnig taldi Orkustofnun að vafi gæti leikið á því hvort að vinnsla á botninum geti verið möguleg samhliða eldinu. Efast stofnunin um að uppdæling efnis fari vel saman við fiskeldið þar sem sanddæluskip þurfi allstór svæði til að geta athafnað sig. Bent var á að mengun gæti takmarkað notkunarmöguleika kalkþörungasetts. Þá var vakin athygli á skýrslu sjávarútvegsráðuneytisins frá 2005 þar sem kom fram umfjöllun um friðun hafsvæða við Ísland.

Orkustofnun benti á að kort í starfsleyfistillögunni væri ekki vandað, það vantaði mælikvarða og kortið sé ekki sjókort. Þá voru gerðar athugasemdir við örnefni.

- Gerðar hafa verið breytingar á grein 5.1 frá auglýstri tillögu, þar sem tekið er fram að möguleg vistfræðileg áhrif geti varðað kalkþörunguna
- Tillaga Orkustofnunar um 30 m sjávardýpi eða meira sem viðmiðun fyrir fiskeldi í Dýrafirði myndi í raun þýða að fiskeldi gæti ekki með góðu móti farið fram í firðinum. Það er því niðurstaða

Umhverfisstofnunar að athugasemdin lúti í framkvæmd ekki að bættum mengunarvörnum, en hér séu á ferð tillögur sem gera myndu fiskeldið óframkvæmanlegt með öllu

- Hafrannsóknastofnunin gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna en sú stofnun er sá aðili sem er ætlað að fjalla um mál af þessu tagi. Almennt telur Umhverfisstofnun þó að verði farið út í enn meira fiskeldi en nú er gefið leyfi fyrir, sé orðið brýnt að afla frekari gagna um tilvist kalkþörunga. Á sama tíma og útgáfa starfsleyfisins stendur yfir hefur Umhverfisstofnun til meðferðar beiðni Dýrfisks hf. um aukningu fiskeldisins. Stofnunin metur það svo samkvæmt framansögðu að í því máli sé orðið tímabært að huga að umræddu máli
- Umhverfisstofnun telur ekki að það sé óhófleg áhætta tekin varðandi mengunarhættu með því að gefa starfsleyfi þetta út hvað hagsmuni og vernd varðandi kalkþörunga áhrærir
- Í starfsleyfinu eru ákvæði um mengunarvarnir og vöktun, auk þess sem endurupptökuákvæði eru í leyfinu. Umhverfisstofnun telur að það sé hægt að vinna gegn meintum skaðlegum áhrifum á lífríkið í samvinnu við rekstraraðila
- Umhverfisstofnun biðst afsökunar á ónákvæmni sem kann að hafa verið í greinargerð. Benda má á að athugasemdin var í heild birt með starfsleyfistillögunni á heimasíðu Umhverfisstofnunar þegar hún birti frétt um auglýsingu á tillögunni
- Umhverfisstofnun bendir á að greinargerðin var ætluð til skýringar til að taka saman forsendur sem notaðar voru við gerð starfsleyfistillögunnar. Umhverfisstofnun er ekki skylt að gera greinargerð af þessu tagi, hvorki við útgáfu starfsleyfis né við auglýsingu á starfsleyfistillögu og er skjalið er aðeins hugsað til upplýsinga. Til að það sé sem læsilegast er reynt að hafa allar skýringar hnitmiðaðar og því eru sjálfar athugasemdirnar stundum styttrar verulega í þessum texta
- Nákvæmara kort fylgir nú útgáfu starfsleyfisins. Umhverfisstofnun telur ekki þörf á sjókort
- Önnur örnefni en Dýrafjörður koma ekki fyrir í starfsleyfinu